

Tilkynningar um áföll berast til skólastjóra, Katrínar Cýrusdóttur, netfang:
Katrinn.cyrusdottir@reykjavik.is

Í áfallaáætlun Húsaskóla er skýrt tekið fram hvernig bregðast á við válegum atburðum sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans. Áfallaáætlun þessi skal nýtt sem gátlisti þegar skipuleggja þarf áfallahjálp. Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin og mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búið að takast á við þá erfiðleika sem fylgt geta alvarlegum áföllum.

Áfallaráð Húsaskóla skipta eftirtaldir aðilar: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, hjúkrunarfræðingur og ritari. Auk þess er kallaður til sá sem næstur stendur málinu hverju sinni.

Hlutverk áfallaráðs

Í meginatriðum er hlutverk áfallaráðs að gera vinnuáætlun svo bregðast megi hiklaust og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að valda áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögðum.

Lykilatriði vinnuáætlunar er að ákvarða hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli. Við skipulag vinnuáætlunar þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.

Áföll teljast

- Alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks).
- Öfbeldisverk- líkamsárásir.

Áfallaráð skal funda við upphaf hvers skólaárs og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Hafi komið upp áföll skal taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Skólastjórnendur halda sérstaklega utan um slíkar upplýsingar.

Viðbrögð við áföllum tengdum nemendum

Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemanda.

Viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda.

Áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi bekk. Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu eftir aðstæðum. Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi nemanda séu mögulegar og hvernig skuli staðið að þeim.

Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemanda þegar hann kemur aftur í skólann þannig að það auðveldi honum endurkomuna.

Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við viðkomandi nemanda áður en hann kemur í skólann.

Alvarlegt slys á nemanda á skólatíma og utan:

Tilkynna á alvarleg slys í skóla til neyðarlínu, síma 112.

- Hafa strax samband við skólastjórnendur.

Viðbrögð við áföllum í Húsaskóla

- Áfallaráð er kallað saman ef nauðsynlegt er.
- Samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólastjórnenda.
- Hafa skal samband við forráðamenn og lögreglu sem allra first.
- Starfsfólk sem kemur að slysi skráir hjá sér vitni sem voru að atburðinum og lætur stjórnendur fá listann og skráir slysið.
- Samskipti við foreldra eru í höndum stjórnenda sem njóta aðstoðar umsjónarkennara ef þurfa þykir.
- Starfsfólki og bekkjarfélögum er tilkynnt um slysið.
- Starfsfólk skrifstofu fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum.
- Tilkynning um slys getur farið fram á sameiginlegum fundi nemenda og starfsfólks eða eftir öðrum leiðum.

Óski fjölmiðlar eftir upplýsingum um atburðinn, er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá.

Andlát nemanda

- Skólastjóri eða staðgengill hans sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið.
- Áfallaráð kallað saman á fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.
- Umsjónarkennara viðkomandi nemanda tilkynnt um andlátíð.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Það er á ábyrgð skólastjóra að náin skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hóp.
- Skólastjóri, ásamt aðila úr áfallaráði og umsjónarkennara, tilkynnir andlátíð strax í viðkomandi bekkjardeild.
- Stutt er við nemendur í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkunarfræðings, námsráðgjafa og sálfræðings.

Við skólann er fáni dreginn í hálfa stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Vinna í viðkomandi bekk sama dag:

- Æskilegt er að umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags. Nemendum gefið tækifæri til að ræða atburðinn. Sóknarprestur auk hjúkunarfræðings, námsráðgjafa, skólastjórnenda og/eða skólasálfræðings aðstoða ef þörf er á. Forráðamönnum nemenda tilkynnt um atburðinn og lagt til að þeir sækji börn sín í lok skóladags.
- Bréf sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og hvernig skólastarfið verði næstu daga. Skólastjórnendur ganga úr skugga um hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag og að senda skilaboð til þeirra. Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt viðkomandi umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga:

- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minnigargrein. Einnig geta nemendur teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.
- Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför með aðstoð sóknarprests ef þörf krefur. Forráðamenn nemenda ákveða hver fyrir sig hvort börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina. Nauðsynlegt er að

Viðbrögð við áföllum í Húsaskóla

forráðamenn fari með börnunum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina ef þeir ákveða að börn þeirra verði viðstödd.

- Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna, eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd. Nauðsynlegt er að nemendum sé gefinn kostur á því að tjá tilfinningar sínar eða koma með reynslusögur. Mikilvægt er að umsjónarkennari fái þann stuðning og hjálp sem hann óskar eftir og þarf á að halda.
- Skólastjórnnendur, umsjónarkennari og það starfsfólk sem tengst hafa barninu verða við jarðarförina sé það mögulegt. Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga eftir andlát í samráði við aðstandendur.

Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

- Skólastjórnnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni/aðstandenda nemandans.
- Upplýsingum komið til þeirra sem málið varða. Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

Andlát aðstandenda nemanda

- Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um andlát.
- Áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstuviðbrögð skólans.
- Umsjónarkennara nemandans tilkynnt um andlátíð.
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir forráðamann/aðstandanda og hann hafður með í ráðum frá upphafi.
- Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði koma upplýsingunum til bekkjasystkina nemandans.
- Það er á ábyrgð skólastjóra að náin skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hóp.
- Starfsfólki skólans er tilkynntur atburðurinn.
- Umsjónarkennari stjórnar áframhaldandi vinnu í bekknum.
- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju sem send er til nemandanum og fjölskyldu hans sem fyrst í samráði við forráðamann/aðstandanda.
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.

Vibrögð vegna dauðsfalls, veikinda og/eða slyss starfsmanns/starfsmanna

Leitið staðfesta upplýsinga um andlátíð

- Áfallaráð hittist og metur stöðuna. Það skiptir öllu máli hvernig starfsmaður er tengdur nemendum.
- Greina starfsfólki og öðrum sem málinu tengjast frá andlátinu.
- Gæta þarf að náin skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Greina þarf nemendum frá atburðinum. Æskilegt er að trúarleiðtogi, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur sé viðstaddur.
- Æskilegt er að einhver annar fullorðinn sem þekkir nemendurna vel sé til staðar í stofunni.
- Gefa þarf nemendum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar.
- Samúðarkveðjur útbúnaðar.

Viðbrögð við áföllum í Húsaskóla

- Kveikja á kerti.
- Greina þarf nemendum frá því sem gerist næstu daga svo sem kistulagning og jarðarför. Æskilegt að trúarleiðtogi sé nálægur.
- Aðlaga þarf skóladaginn eftir aðstæðum ef tengsl voru mikil.
- Leyfa nemendum að spyrja spurninga og sýna sorg og aðrar tilfinningar tengdar andlátinu.
- Ef nemendur verða viðstaddir jarðarför þarf að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra.

Við skólann er fáni dreginn í hálfa stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Alvarleg slys starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á slysi hjá starfsfólki eða aðstandanda og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann slasaða (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá slysinu.

Alvarleg veikindi/langvinnir sjúkdómar starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á veikindunum hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann veika (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá veikindunum.

Áföll tengd aðstandendum starfsfólks

Andlát maka eða barna starfsfólks.

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Gæta þarf að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Ef maki eða barn umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð og kemur upplýsingum til forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði veita nemendum sem næstir stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns og sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.